

74. Bréf dómsmálastjórnarinnar til endurskoðunar-
stjórnardeildar konungsríkisins, um það, hvort 1861.
31. október.
biskup sé skyldur að greiða ljóstoll til kirkju.

Frá hinni annari endurskoðunarskrifstofu konungsríkisins hefir dómsmálastjórninni verið sent eptirrit af 4. útásetningagrein við reikning yfir tekjur og gjöld Reykjavíkur dómkirkju, fardagaárið 1857—58, til þess lagður verði úrskurður á, hvort Helgi biskup Thordersen sé skyldur að greiða ljóstoll til dómkirkjunnar í Reykjavík.

Þessu skal svarað á þá leið, að eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar um málavöxtu, þykir dómsmálastjórninni eigi vera ástæða til, að heimtaður sé ljóstollur af tæðum embættismanni.

75. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna 31. október.
á Íslandi, um jarðaskipti á Viðvík og Hjaltastöðum
m. m.

Eptir að búið var að leggja niður Hofstaða- og Flugumýrar braud, þá er það losnaði, og leggja Hofstaða sókn til Hóla- og Viðvíkur brauds, en Flugumýrar sókn til Miklabæjar brauds í Skagafjarðar sýslu, samkvæmt konungsúrskurði 25. septemberm. 1854, hafið þér, háæruverðugi herra, í bréfi til kirkju- og kennslustjórnarinnar, dagsettu 29. júlím. þ. á., farið þess á leit, að hlutatz verði til um, að jarðaskipti þau komist á, sem ákveðin eru í 2. grein í úrskurði þessum, en það er á þann hátt, að skipt verði jörðinni Viðvík, sem er þjóðjörð, fyrir Hjaltastadi, er fyrrum var lénjörð prests, ásamt með hjáleigunum Hjaltastadahvammi og Hjaltastadakoti.

Með því nú málefni þetta heyrir undir aðgjörðir dómsmálastjórnarinnar, hefir það verið fengið henni til úrskurðar, og skal yður nú kunngjört yður til leiðbeiningar, að hagfelldast virðist, að jarðaskipti þessi fari þannig fram, að amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi fyrir stjórnarinnar hönd afsali eignarréttinn yfir jörðinni Viðvík til Hóla- Viðvíkur- og Hof-